

Ársskýrsla Umf. Samherja 2015

Á síðasta aðalfundi komu nýir í stjórn Benjamín Örn Davíðsson, Óskar Þór Vilhjálmsson, Sigmundur Guðmundsson og Sonja Magnúsdóttir og út fóru Brynhildur Bjarnadóttir, Inga Arnhildur Ásgeirsdóttir, Jónas Björk og Sigurður Eiríksson.

Þá skipa stjórnina

Óskar Þór Vilhjálmsson formaður

Benjamín Örn Davíðsson gjaldkeri

Þorgerður Hauksdóttir ritari

Sigmundur Guðmundsson meðstjórnandi

Sonja Magnúsdóttir meðstjórnandi.

Varamenn eru Elín Nolsöe Grethardsdóttir og Svanhildur Ketilsdóttir.

Fráfarandi stjórn eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og íbúa sveitarinnar.

Starfsemi Umf. Samherja hefur verið í blóma líkt og undanfarin ár og leitast félagið við að bjóða upp á fjölbreytt starf fyrir íbúa sveitarinnar með það að markmiði að vekja áhuga á heilsurækt og alhliða íþróttaiðkun. Til þess að það geti gerst þarf félagið að afla fjár.

Handverkshátíðin að Hrafnagili hefur verið ein mikilvægasta fjáröflun félagsins undanfarin ár og er þetta ár ekki undanskilið því. Fjölmargir sjálfboðaliðar, bæði börn og fullorðnir, leggja félaginu lið á hátíðinni og er það ómetanlegt fyrir félagið.

Félagið tók virkan þátt í fuglahræðuverkefni Handverkshátíðarinnar. Stefnt var á að byggja stóra og mikla fuglahræðu í líki tröllskessunnar Bryðju sem er systir Kvarnar sem nemendur og starfmenn Hrafnagilsskóla byggðu á lóð Hrafnagilsskóla. Vinnukvöld var auglýst og mættu á þriðja tug manns bæði krakkar og fullorðnir. Verkefnið var stærra en svo að það vær klárað á einu kvöldi en allir fengu verkefni og að munda hamarinn og að lokinni vinnu voru pylsur grillaðar og djús drukkinn.



Útgerðafélagið Samherji hf. veitti félaginu styrk til eflingar barna- og unglíngastarfs og var þeim styrk varið í að greiða niður keppnisgjöld og ferðakostnað hjá iðkendum félagsins.

Blómasala um hvítasunnuna gekk nokkuð vel og tóku sveitungar vel á móti blómasölufólkinu.

Í nóvember hélt félagið eitt spilakvöld í félagsvist í Hrafnagilsskóla. Þátttaka var þokkaleg og var spilað á 5 borðum. Spilarar skemmtu sér vel og stefnir félagið á fleiri spilakvöld í framtíðinni því hér er um góða skemmtun að ræða þar sem allir aldursflokkar geta komið saman og spilað.

Það er metnaðarmál hjá félaginu að börn og unglíngar sveitarinnar fái að kynnst sem flestum íþróttum og á árinu var boðið upp á badminton, borðtennis, fótbolta/bolta tíma og frjálssar. Að auki hóf félagið að bjóða upp á körfubolta fyrir fullorðna einu sinni í viku án þjálfara og blak fyrir konur tvisvar í viku með þjálfara.

Stolt okkar hjá UMF. Samherjum er að geta boðið iðkendum okkar að æfa allar þær greinar sem í boði eru og greiða bara eitt æfingargjald sem er stillt mjög í hóf og að geta boðið upp á boltatíma og frjálssar á skólatíma yfir veturinn

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um þær íþróttagreinar sem boðið er upp á hjá félaginu.

Badminton:

UMF Samherjar býður upp á fjölbreyttar íþróttir fyrir börnin í Eyjafjarðarsveit og er badminton þar á meðal.

Badmintondeildin skiptist líkt og áður í þrjá flokka:

1. Miniton - hugsað fyrir 4-8 ára börn
2. Barna- og unglíngaflokkur - fyrir 9-16 ára börn
3. Fullorðinsflokkur - fyrir 16 ára og eldri.

Þegar börnin eru komin í elstu aldurshópana innan fyrstu tveggja flokkanna hefur þeim verið frjálst að sækja einnig æfingar í flokknum fyrir ofan þau. Þessi skipting hefur gefist vel en mjög fáir iðkendum eru í hópum U-15 og U-17. Flestir eru iðkendum í Miniton-hópnum og U-11 og eitthvað glæddist í U-13 hópnum í haust en í öllum þessum hópum eru mjög efnilegir einstaklingar. Hópurinn, sem sækir fullorðinstímana, er líkt og fyrri ár, frekar stöðugur hópur sem er duglegur að mæta á æfingar.

Miniton er einu sinni í viku, á laugardagsmorgnum frá kl 10-11. Hjá barna- og unglíngahópnum eru æfingar tvisvar sinnum í viku, á miðvikudögum kl. 17-18 og á laugardögum kl. 11-12. Fullorðnir eru svo með æfingar á miðvikudögum kl. 19-21, á föstudögum kl. 17-19 og á sunnudögum kl. 19-21.

Sonja Magnúsdóttir hefur alfarið séð um þjálfun yngri barna (Miniton) og barna- og unglíngaflokks frá vori 2015 en þjálfaralaust hefur verið fullorðinshópnum þar til 1. febrúar '16 þegar Haukur Gylfi Gíslason tók við þjálfun.

Iðkendum í barna- og unglingshópnum hafa verið mjög áhugasamir um að sækja hin ýmsu mót, sem í boði hafa verið en því miður hefur hópurinn ekki komist á þau þar sem veðrið hefur spilað þar stóran þátt. Fyrsta mót haustsins '15 var Unglingamót KA, sem fram fór í KA-húsinu í október og stóðu krakkarnir sig að vonum vel. Unglingamót TBS er haldið í byrjun desember ár hvert og var stefnt á þátttöku þar en þangað komumst við ekki vegna veðurs. Árlegt Jólamót Samherja var haldið í desember en það er innanfélagsmót þar sem allir spila við alla. Þátttaka í því var mjög góð og var greinilegt að allir höfðu mjög gaman að þeirri þátttöku. Í febrúar '16 var svo stefnan sett á Unglingamót Þórs í Þorlákshöfn en fresta þurfti þátttöku á því móti á síðasta ári. Því miður komumst við ekki þangað, annað árið í röð, vegna veðurs. Átta einstaklingar frá UMF Samherjum eru skráðir á Íslandsmótið, sem fram fer á Akranesi helgina 11.-13. mars og er greinilegt á þátttökunni að áhugi er á því að vera með á svona stórum mótum. Á síðasta ári var UMF Samherjar með eitt lið á Íslandsmóti Unglingaliða í flokki U11 og gerði liðið sér lítið fyrir og landaði öðru sætinu! Í liðinu voru: Ari Emin Björk, Enok Atli Reykdal, Hildur Marín Gísladóttir, Sindri Sigurðarson, Trausti Freyr Sigurðsson og Úlfur Hugi Sigmundsson. Stefnt er að því að fara aftur á þetta mót í ár en það verður haldið í Hafnarfirði 22. apríl nk.

Haukur Gylfi Gíslason hefur verið duglegur að sækja mót í Reykjavík í hans aldursflokki og farið erlendis í æfingabúðir. Síðastliðið vor fór hann t.a.m. í æfingabúðir til Belgíu fyrir U-17 ára aldurshópin og frá síðasta hausti hefur hann sótt öll A-mót sem hafa verið í boði á landinu og að vonum staðið sig vel.

Badmintondeildin hefur á að skipa foreldraráði, sem hefur séð um að skipuleggja ýmsar uppákomur, m.a. til að brjóta upp hefðbundnar æfingar og eins utan

æfingatíma. Haldið hefur verið bingo, búningaæfing, hefð hefur verið fyrir páskamóti og farið hefur verið í bíó svo eitthvað sé nefnt.

Foreldraráðið hefur einnig haft frumkvæði á því að fara í kaup á bolum, svo þátttakendur



frá UMF Samherjum séu auðþekktanlegir á mótum!

Ekki er hægt annað en að líta björtum augum á framtíðina miðað við þann árangur, sem iðkendur hafa verið að sýna með þátttöku þeirra á hinum ýmsu mótum, stórum sem smáum!

Fyrir hönd badmintondeildar,
Sonja Magnúsdóttir

Borðtennis:



Borðtennis er íþrótt sem er í miklum blóma hjá félaginu og 1. mars 2015 var fyrsti leikur Umf. Samherja á Íslandsmóti í borðtennis. Spiluð var norðurlandsdeild í fyrsta skipti í mörg ár og voru liðin frá Akri

á Akureyri - 4 lið, Samherjum - 2 lið og Æskunni - 1 lið. Þjálfarar í borðtennis eru Sigurður Eiríksson og Ólafur Ingi Sigurðarson.

Í september voru æfingabúðir í borðtennis í Íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar á vegum Umf. Samherja, Umf. Æskunnar, UMSE, Akurs og Borðtennissambands Íslands. Æfingabúðirnar voru fyrir alla aldurshópa en sambærilegar æfingabúðir voru haldnar hér haustið áður og af þeim var mjög góð reynsla.

Í nóvember hélt félagið sitt fyrsta mót innan mótaraðar Borðtennissambands Íslands. Þrátt fyrir nokkur byrjendamistösk í skipulagningu tókst mótið vel og það voru sáttir gestir sem yfirgáfu Hrafnagil eftir góða helgi. Þessi helgi fjárfesti félagið í borðtennisróbót sem notaður er á æfingum af öllum aldurshópum og nýtist vel.



Í desember var nokkrum Samherjum boðið á æfingu úrtakshóps fyrir ungingalandslið í borðtennis. Kristján Viðar, nýendurráðinn ungingalandsliðspjálfi BTÍ, bauð krökkunum að koma en hann mætti á æfingabúðirnar og á ungingamótið okkar og sá til krakkanna spila. Sama dag var þátttökumet á borðtennisæfingu en það voru 16 iðkendur á öllum aldri sem komu á æfingar dagsins, þar af 7 á æfingu fyrir fullorðna.

Jólamót Samherja í borðtennis varð að nýársmóti Samherja. Það voru 14 keppendur sem tóku þátt og á mótinu sáust bæði gamlir taktar og nýir. Keppt var sér í flokki 7 ára og yngri en öllum eldri en það var blandað í tvo riðla án styrkleikaskiptingar.

Á lýsingu íþróttamanns UMSE í janúar hlutu Samherjar viðurkenningu og sérstakan styrk frá Bústólpa, aðal styrktaraðila UMSE, fyrir barna- og unglíngastarf sitt í bortennis. Einnig hlaut Jón Elvar Hjörleifsson titillinn borðtennismaður UMSE 2015.

Samhliða kjörinu voru veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum á árinu 2015. Það var íþróttafólk sem hafði orðið Íslandsmeistarar, bikarmeistarar, landsmótsmeistarar, sett Íslandsmet, verið valið í landslið eða í afreks- og úrvalshópa sérsambanda.

Eftirtaldir hlutu sérstaka viðurkenningu:

- Heiðmar Sigmarsson, Mini-cadet (U-13) hópur BTÍ
- Hildur Marín Gísladóttir, Mini-cadet (U-13) hópur BTÍ.
- Sindri Sigurðarson, Mini-cadet (U-13) hópur BTÍ.
- Trausti Freyr Sigurðsson, Mini-cadet (U-13) hópur BTÍ.
- Úlfur Hugi Sigmundsson, Mini-cadet (U-13) hópur BTÍ.

Í byrjun febrúar valdi Kristján Viðar Haraldsson, unglíngalandsliðsþjálfari, unglíngalandsliðshóp fyrir komandi verkefni. Eftirtaldir leikmenn frá Samherjum skipa hópinn:

Mini cadet drengir (U13)

Heiðmar Sigmarsson

Sindri Sigurðarson

Trausti Freyr Sigurðsson

Úlfur H. Sigmundsson

Mini cadet stúlkur (U13)

Hildur Marín Gísladóttir



Í mars 2016 eignuðust svo Umf. Samherjar sinn fyrsta Íslandsmeistara í borðtennis er Sindri Sigurðarson varð Íslandsmeistari í einliðaleik hnokka á Íslandsmóti unglunga 2016.

Fótbolti/boltatímar:

Boðið er upp á boltatíma yfir veturinn og fótbolta á sumrin eins og undanfarið ár. Eins og árið áður bauð félagið upp á námskeið í fótbolta fyrir tvo elstu árgangana



í leikskólanum í byrjun sumars sem naut góðrar viðtöku hjá börnunum sem og foreldrum þeirra. Var fyrirkomulagið þannig að þjálfarinn kom og sótti og skilaði börnunum í leikskólann ásamt leikskólakennara því námskeiðið var haldið á leikskólatíma. Þjálfari er Ásgeir Ólafsson.

Þrjú fótboltamót voru sótt í sumar og bar hæst Smábæjarleikana á Blönduósi en þangað var farið með þrjú lið í 5., 6. og 7. flokki og sigraði 6. flokkur sitt mót.

Í júlí tók félagið þátt í Strandarmótinu. Samherjar voru með tvö lið skráð á mótið, eitt í 6. flokki og eitt í 7. flokki.



Í september var UMSE mótið haldið á Hrafnagili og voru 35 leikmenn skráðir til leiks í 5 liðum í 4 flokkum frá Samherjum. 2 lið í 7. flokki, eitt í 6. flokki, eitt í 5. flokki og eitt í 4. flokki.



Frjálsar íþróttir:

Enn erum við svo heppin að hafa Unnar Vilhjálmsson sem frjálsíþróttapjálfara hjá félaginu. Æfingar hafa verið tvisvar í viku bæði yfir sumar- og vetrartímann og eru þær tvískiptar í yngri og eldri hóp. Æfingarnar eru nokkuð vel sóttar yfir veturinn en mættu vera betur sóttar yfir sumartímann, sérstaklega þegar líður á sumarið og fór svo að æfingum var hætt hjá 10 ára og yngri í júlí vegna dræmrar þátttöku.

Í janúar var kjöri íþróttamanns UMSE lýst og varð Guðmundur Smári Daníelsson frjálsíþróttamaður UMSE 2015 þriðji í kjörinu. Einnig var Sveinborg Katla Daníelsdóttir, tilnefnd af stjórn UMSE fyrir góðan árangur í frjálsum íþróttum. Samhliða kjörinu voru veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum á árinu 2015. Þar hlutu viðkenningu:

- Guðmundur Smári Daníelsson, Íslandsmeistari í tugþraut í flokki 16-17 ára, Íslandsmeistari innanhúss í 60m grindarhlaupi, langstökki og kúluvarpi í flokki 16-17 ára, Unglingalandsmótsmeistari í handknattleik (blandað lið). Úrvalshópur FRÍ fyrir sleggjukast, kúluvarp og spjótkastr.
- Sveinborg Katla Daníelsdóttir, Íslandsmeistari í stangarstökki stúlkna 20 - 22 ára.

Sund:

Sundið hefur verið á undanhaldi og fór svo að ákveðið var að bjóða ekki upp á sundæfingar eftir sumarfrí. Þjálfarinn í sundi var Anna Rún Kristjánsdóttir.

Blak:

Síðastliðið sumar barst félaginu ósk um aðstoð við að koma á fót blakæfingum kvenna. Nokkrar galvaskar konur vildu stofna blaklið í sveitinni og stefndu á keppni á öldungamótum í blaki. Félagið tók þessu frumkvæði með opnum örmum og voru settar á æfingar tvisvar í viku á haustdögum. Hópurinn kallar sig Bryðjurnar og eru nú þegar búnar að keppa á tveimur mótum og unnu sinn fyrsta leik á seinna mótinu sem haldið var á Siglufirði. Það verður gaman að fylgjast með þessum hóp í framtíðinni og aldrei að vita nema þetta smiti út frá sér til karlanna og niður til unglínganna. Þjálfari í blaki er Svanhildur Dóra Björgvinsdóttir.

Það er gaman að sjá hvað yngstu grunnskólabörnin eru dugleg að mæta á æfingar hjá félaginu en því miður eru unglingarnir ekki eins duglegir. Margir eru að æfa annars staðar og er það vel en meiri hlutinn er ekki að æfa neitt og þá þyrfti að virkja og fá til að koma á æfingar hjá félaginu eða sækja æfingar til Akureyrar.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg í starfsemi félagsins og sérstakar þakkir fá þeir sem leggja til sína krafta þegar kemur að Handverkshátíðinni því án þeirra gætum við ekki haldið úti því starfi sem við gerum í dag.

Fyrir hönd ungmennafélagsins Samherja
Óskar Þór Vilhjálmsson formaður